

## Fyrirvari

**Fyrirvari þessi er settur fram vegna þeirra upplýsinga sem koma fram í hlaðvarpsþætti sem nálgast má á vefsíðunni <https://umraedan.landsbankinn.is/umraedan/hladvarp/>**

Landsbankinn hf. (hér eftir „Landsbankinn“ eða „bankinn“) er fjármálafyrirtæki sem starfar samkvæmt lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki. Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með bankanum á grundvelli laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Hlaðvarpsþáttur þessi var tekinn upp af Landsbankanum í samræmi við lög nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, og reglugerð nr. 995/2007, um fjárfestavernd og víðskiptahætti fjármálafyrirtækja. Um er að ræða markaðsefni sem ætlað er að hafa almennt upplýsinga- og fræðslugildi fyrir hlustendur á Íslandi.

Landsbankinn eða tengdir aðilar eru með engum hætti ábyrgir fyrir hvers konar tjóni eða tapi, af hvaða tagi sem er, beint eða óbeint, sem hlustendur kunna að verða fyrir með því að notast við eða nýta sér með öðrum hætti upplýsingar úr þessu hlaðvarpi.

Þau sjónarmið og þær upplýsingar sem koma fram í hlaðvarpsþættinum endurspeglar skoðanir þeirra starfsmanna Landsbankans, og gesta ef við á, sem þar koma fram á þeim degi sem hlaðvarpið var tekið upp og geta breyst án fyrirvara. Upplýsingar um fjármálamarkaðinn sem fram koma hjá starfsmönnum Landsbankans í hlaðvarpsþættinum byggja á opinberum upplýsingum þess tíma sem hlaðvarpið var tekið upp en Landsbankinn getur ekki ábyrgst áreiðanleika eða réttmæti slíkra upplýsinga frá þriðja aðila. Upplýsingar og sjónarmið starfsmanna Landsbankans sem koma fram í hlaðvarpsþættinum eru sett fram samkvæmt þeirra bestu vitund á þeim tíma sem þátturinn var tekinn upp og geta verið háðar breytingum.

Efni þessa hlaðvarpsþáttar felur ekki í sér tilboð um kaup eða sölu fjármálagerninga eða persónulega fjárfestingarráðgjöf Landsbankans í skilningi laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, og hefur Landsbankinn ekki metið hvort kaup á viðkomandi fjármálagerningum sé viðeigandi fyrir hlustendur. Hlustendum er bent á að víðskipti með fjármálagerninga fela í sér áhættu og eru þeir því hvattir til að gera sjálfstæða könnun á þeim upplýsingum sem ákvörðun þeirra um fjárfestingu byggir á og leita óháðrar ráðgjafar þar um. Hlustendum er sérstaklega bent á að kynna sér eigin réttarstöðu og leita óháðrar ráðgjafar varðandi fyrirhugaða fjárfestingu þ.m.t. er varðar skattaleg atriði sem kunna að snerta fjárfestinguna og/eða um það hvort gjalddeyrishöft snerti fyrirhugaða fjárfestingu að einhverju leyti.

Áhættulýsing vegna markaðsvíðskipta með fjármálagerninga er aðgengileg á vef Landsbankans, <http://www.landsbankinn.is/um-bankann/stjornarhaettir/reglur/mifid/>.

Til þess að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skaði hagsmuni víðskiptavina Landsbankans hefur Landsbankinn sett sér stefnu um hagsmunaárekstra. Útdrátt úr stefnu Landsbankans um hagsmunaárekstra má nálgast á vef Landsbankans, <http://www.landsbankinn.is/umbankann/stjornarhaettir/reglur/mifid/>.